



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR – 18. nóvember 2003

Bæjarstjórn Blönduóss kom saman til 33. fundar þriðjudaginn 18. nóvember 2003 kl. 17,00 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 63. fundar bæjarráðs frá 13. nóvember.
2. Umræður um stofnun fasteignaþróunarfélags sbr. liðurinn önnur mál b) á fundi bæjarstjórnar hinn 4. nóvember 2003.
3. Frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987 og nr. 19/1993 er varða þungaskatt.

Forseti óskaði eftir því að upp yrði tekinn liðurinn önnur mál. Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 63. fundar bæjarráðs frá 13. nóvember sl. kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Fram var lögð svohljóðandi tillaga. “Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkir vegna hugsanlegra atvinnumöguleika að mynda starfshóp þar sem í eiga sæti einn fulltrúi frá hverjum lista. Óskað verði eftir aðild Sölufélags A-Húnvetninga.” Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Þá var fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
2. Umræður um stofnun fasteignaþróunarfélags sbr. liðurinn önnur mál b) á fundi bæjarstjórnar hinn 4. nóvember 2003. Ágætar umræður urðu um málefnið.
3. Frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987 og nr. 29/1993 er varða þungaskatt.

Fram var lögð svohljóðandi ályktun.

“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar mótmælir harðlega þeim frumvörpum til laga sem nú liggja fyrir Alþingi, um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi sl. vetur um olíugjald og kílómetragjald. Ljóst er að fáir þessi frumvörp brautargengi á Alþingi mun gjaldskrá vöruflutninga hækka sem nemur 5%. Bæjarstjórn telur það óásættanlegt, sérstaklega í ljósi þess að töliverðar hækkanir áttu sér stað á árunum 1998-2001, að álögur á vöruflutninga hækki enn frekar þar sem það skilar sér í hærra vöruverði, auknum útgjöldum og minnkandi samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni. Bæjarstjórn skorar hér með á stjórnvöld og þá sérstaklega þingmenn kjördæmisins að þeir beiti sér fyrir því að frumvörp þessi nái ekki fram að ganga óbreytt, þar sem innleiðing þeirra hefur í för með sér auknar álögur á atvinnulíf á landsbyggðinni.” Ályktunin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Önnur mál.

- a) Bæjarstjóri skýrði frá tilboði í endurfjármögnun lána bæjarins.
- b) Auðunn Sigurðsson afhenti tillögur frá Húnahorninu um nafn á göngustíginn meðfram Blöndu. 69 tillögur bárust. Bæjarstjórn tók á móti listanum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:05.

Valgarður Hilmarsson
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Jóhanna G. Jónasdóttir
Ágúst Þór Bragason

Ragnar Ingi Tómasson
Hjördís Blöndal
Auðunn Sigurðsson
Guðbjartur Á. Ólafsson